

Leirlistanámskeið fyrir börn

Haldið verður leirlistanámskeið fyrir börn í Listasmiðjunni á Laugum, Breiðanesi, alla mánudaga í maí frá kl. 15:15-17:15. Alls 5 skipti, kr. 20.000.- Innifalið í námskeiðinu er hressing eftir skóla, leir, brennsla og glerungur. Áhersla er lögð á skapandi hugsun og að kynnst kynnst grunnaðferðum í mótun leirs. Nánari upplýsingar og skráning fyrir 30. apríl í s: 698 5161 hjá Anitu Karín.

Leirlistanámskeið fyrir fullorðna
Í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga verður haldið leirlistanámskeið í Listasmiðjunni á Laugum, Breiðanesi í apríl og maí. Alls 6 skipti, á þriðjudögum frá 17-20, laugardögum 9-12, þessa daga: 9/4, 12/4, 23/4, 26/4, 7/5, 10/5, kr. 35.000.- Innifalið í verði er leir, brennsla og glerungur. Skráning og nánari upplýsingar hjá Þekkingarneti Þingeyinga, s. 464 5100.

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum **fyrir kl. 15:00.** 😊

ATH!
Verð á auglýsingum
frá og með 10 janúar 2016

Verð hálf síðu er. kr.3.200.-m.vsk
Verð heil síðu er kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpan@isl.is—895-3386



Lokahátíð Sunnudagaskólans

Lokahátíð sunnudagaskólans í Grenjaðarstaðarprestakalli verður haldin að Vestmannsvatni næstkomandi sunnudag 3. apríl klukkan 11:00 - 13:00. Fræðsla, leikir, pylsur og kaffi. Allir velkomnir. Séra Þorgímur.



(Konudags)-Vortónleikar Sálubótar

Söngfélagið Sálubót heldur tónleika og skemmtun í Stórutjarnaskóla sunnudaginn 3. apríl kl: 15:00. Fjölbreytt dagskrá m.a. einsöngur, karlakór og kvartett. Einnig verður boðið upp á gómsætt kaffihlaðborð að hætti kórfélaga. Upplagt fyrir fjölskylduna að koma og njóta næringar bæði á sál og líkama.

Miðaverð er 2.500,- fyrir fullorðna, 1.000,- fyrir 6-16 ára og fritt fyrir þá sem yngri eru.

Söngfélagið Sálubót



Samtalsfundur með íbúum og ferðaþjónustuaðilum Þingeyjarsveitar.

Samtalsfundur með íbúum og ferðaþjónustuaðilum í Þingeyjarsveit við Edward H. Huijbens, sérfræðing við Rannsóknarmiðstöð ferðamála og prófessor við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, verður haldið á Breiðumýri 7. apríl nk. frá kl 15.00 - 18.00.

Sérstök áhersla verður lögð á tækifæri í náttúruferðum, náttúru upplifun, heilsu og vellíðan og heildar stefnu í ferðaþjónustu.

Til fundarins boðar, áhugahópur yndisferðamennsku (Slow adventure tourism) í Þingeyjarsveit.

Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Þingeyjar verður haldinn í húsi sveitarinnar miðvikudaginn 6. apríl kl.20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin



Styrkir til lista- og menningarstarfs og íþróttá og æskulýðsstarfs

Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2016. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **13. apríl n.k.**

Styrkir til íþróttá og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá og æskulýðsstarfs á árinu 2016. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **13. apríl n.k.**

Ath. minnum styrkþega 2015 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Félags- og menningarmálanefnd
Þingeyjarsveitar

Seigla - miðstöð sköpunar

kynnir opnunartíma handverksaðstöðunnar.

Rýmið býður uppá léttari smíðavinnu, listmálun og vefnað svo eitthvað sé nefnt. Einhver tæki og tól eru í boði og verður bætt við eftir þörfum og notkun. Fyrirhuguð eru námskeið í skiltagerð og útskurði í apríl, auglýst síðar.

Opnunartími kjallarans í Seiglu í apríl og maí eru eftirfarandi:

Mánudaga frá 17-21

Miðvikudaga frá 10-14

Fimmtudaga frá 15-19

Aðstaðan er án endurgjalds þennan tilraunatíma. Nánari upplýsingar gefur Anita í síma 698-5161.

Vinsamlegast geymið auglýsinguna.

Útskurðarnámskeið í Seiglu

Dagana 13. 14. 15. apríl verður útskurðarnámskeið í kjallara Seiglu frá kl. 15-19. Kennari verður Jón Hólmgeirsson. Verð kr. 15000.- og innifalið í því er efni og afnot af útskurðarhnífum. Skráning hjá Anitu í síma 698-5161.

Skrautskiltagerð í samvinnu við Þekkingarnet Þingeyinga. Tvö tveggja daga námskeið verða í boði í kjallara Seiglu í apríl, þar sem gerð verða 2 falleg skilti með skemmtilegum texta.

Hið fyrra verður 5. og 7. apríl frá 16-18:30, hið seinna 11. og 18. apríl frá 19-21:30. Verð kr. 9500.- og allt efni innifalið. Skráning hjá Þekkingarneti Þingeyinga í síma 464-5100, nánari upplýsingar um námskeiðið gefur Anita í síma 698-5161.

AÐALFUNDUR 2016

Aðalfundur Kvenfélags Fnjóskdæla verður haldinn í Skógum mánudagskvöldið 11. apríl kl: 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýjar konur ávallt velkomnar í hópinn eigum saman gott kvöld yfir kaffibolla og spjalli.

Stjórnin

FÓTSNYRTING

Kvenfélag Fnjóskdæla stendur fyrir fótisnyrtingu í Skógum fyrir íbúa á sínu starfssvæði mánudaginn 11. apríl frá kl. 10.00. Allir velkomnir, en fótisnyrting fyrir 67 ára og eldri er í boði kvenfélagsins. Pantið tíma hjá Hlíf í síma 462-2699 Fyrir kl 15.00 á föstudaginn 8. apríl.

Stjórnin

OKKUR VANTAR ÁRÆÐIÐ OG SKEMMTILEGT FÓLK Í SPENNANDI VERKEFNI

Saga Travel nupýsir eftir leiðsögnum í spennandi og skemmtileg verkefni á Norðurlandi, til dæmis dagsferðir frá Akureyri og/öða Myvatni.

Leiðir og samantektir:

- Málgröf
- 600 karalíta í rennu skýrið og önnur tungaáhrifaáhrifa er bestur
- 600 karalíta í íslensku landsfræði, sönnun, sönnun og sönnun og haldi til að erða best í þínu líti.
- Hæfi / sönnun sönnun
- Almennir dæmi og sönnun

Í höndum:

- Full stöðug og hártekt
- Dag-, kvöld- og helgum

Núverandi upplýsingar er best að nálgast í síðunni: saga.travel.is
Umvefni skulu berast í síðunni í netfangið info@saga.travel.is
sígi síður en 1. apríl 2016.

Saga Travel er framskið og bestur í sönnun fyrirtæki með leiðsögnum í Akureyri og stöðug við Myvatni.
Hjál fyrirtæki starfa sönnun með bestu áhrifa í sönnun, sönnun, sönnun og sönnun.



Saga Travel, Kaupvangsstræti 4, 600 Akureyri.
Sími: 538 8881, Netfang: sagatravel@sagatravel.is

WWW.SAGATRAVEL.IS
+SAGATRAVEL

13. tbl.
31. mars
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Umhverfis- og lýðheilsuþing Stórutjarnaskóla Þriðjudaginn 5. apríl 2016

Kæru sveitungar.

Þriðjudaginn 5. apríl nk. munu starfsmenn og nemendur Stórutjarnaskóla í 7. skipti halda umhverfis- og lýðheilsuþing í skólanum. Nú stöndum við öll frammi fyrir mikilvægum endurbótum og breytingum á sorphirðumálum í sveitarfélaginu og því hvetjum við fólk til að koma og vera með okkur þessa stund. Þingið verður í sal skólans, **það hefst kl 13:15 og stendur til kl. 15:15.**

Nemendur skólans verða í mikilvægum hlutverkum að venju, með hljóðfæraleik, söng og glærुकynningar.

Aðal fyrirlesari þingsins verður Brynhildur Bjarnadóttir lektor við Háskólann á Akureyri en hún verður með erindi sem hún kallar *Undur náttúrunnar - maðurinn, plönturnar og loftslagið* –

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar sem nemendur framkvæmdu í janúar og febrúar sl., en þá vigtuðu þeir samviskusamlega allar matarleifar eftir matartíma skólans í tengslum við umræðu um matarsóun í heiminum. Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri mun gera grein fyrir nýju fyrirkomulagi sormála og flokkunar í sveitarfélaginu. Einnig verður fjallað um vistheimt í verki og hugsanlega þátttöku skólans í því samhengi í samstarfi við Landvernd. Tónlistarkennarar tónlistardeildar sjá um undirbúning og framkvæmd tónlistatriða.

Allt eru þetta þættir sem eiga erindi til allra og því eru foreldrar og aðrir íbúar sveitarinnar hvattir til að koma og taka þátt í ánægjulegri og fræðandi dagsstund.

Með góðum kveðjum
Umhverfisnefnd Stórutjarnaskóla



Grænfúnaskóli



Heilsueflandi grunnskóli